


Frá útivinnu eldfjallafræði- og náttúrvárhóps Jarðvísindastofnunar

Í leiðangrinum voru: Ármann Höskuldsson, Paavo Nikkola og Kristinn Magnússon

11. febrúar 2015

Komum á svæðið að kveldi 11. febrúar 2015. Stutt heimsókn niður á gosstöðvar það kvöld. Virkni í megin gíg, Baugi; tveir megin gígar áberandi en þó ekki gjósandi upp fyrir gígbarma. Greining með FLIR myndavél bendir til tveggja gosopa um miðbik Baugs, sem eru aðskilin af um 350 m.



Mynd 1. Tekin að kveldi 11. febrúar úr vestri. Gosop um miðbik áberandi. Seinna gosop er til hægri á mynd en ekki eins kröftugt.

12. febrúar 2015

Í dag var stefnan sett á að klífa suðurhlíðar Baugs og líta yfir hrauntjörnina. Suðurbarmar eru um 400 m frá syðsta gosopi. Veður var hagstætt, gosgufur leggur til austurs. Komnir á gígbarma upp úr kl. 12 á hádegi. Yfirlit yfir hrauntjörn sýnir að hún skiptist í tvennt. Syðst í gíg er tjörn fædd af syðsta gosopi og norðar í honum er hrauntjörn fædd af nyrðra gosopi og syðra gosopi. Greinilegt haft er á milli tjarnanna og stendur hærra í syðri tjörninni. Iðustreymi er áberandi þar sem kæld skorpa stingst niður með jöðrum syðri hrauntjarnar. Ennfremur rennur á yfirfalli haftsins úr syðri tjörn yfir í þá nyrðri. Enn norðar er svo útfall hrauntjarnar inn í hraun.

Í báðum gosopum er töluverð suða og gassprengingar. Kvikuppstreymi er hinsvegar lítið og má greina það best á yfirfalli syðri hrauntjarnar. Enn hefur yfirborð hrauntjarnar sigið og er breidd hennar nú um 100 m. FLIR greining sýnir að kvikan er enn um 1180 til 1190 gráðu heit (°C) þegar hún kemur upp í gosopum. Það styður áður komnar upplýsingar um það, að hitalækkun á hraunjöðrum

má rekja til dvalartíma kvikunnar í hrauninu sjálfu; hitalækkunin er ekki tengd breytingum á kvikunni er streymir upp á söndunum. Hér á eftir koma nokkrar myndir af gígasvæðinu er skýra vonandi hvernig umhverfis er í gígunum.

Ljósmyndir




Mynd 2. Yfirlit af syðri gosbarmi inn í hrauntjörn Baugs. Næst er syðra gosopið í um 400 m fjarlægð frá syðri gígbarmi. Handan syðra gosopsins kraumar nyrðra gosopið. Takið eftir svartri áferð tjarnarinnar en þar er um að ræða kalda skorpu á hrauninu. Appelsínugulur litur gefur til kynna kviku.



Mynd 3. Myndin er tekin á aðdrætti og sýnir suðu í gosopunum tveimur. Yfirborð hrauntjarnarinnar gengur í bylgjum þegar gassprengingar verða í gígunum. Einnig sést vel á þessari mynd haftið á milli gíganna, hvar appelsínugul kvikan nálgast dökkan skorpukenndan flöt nyrðri hrauntjarnarinnar.



Mynd 4. Suðurjaðar syðri hrauntjarnar. Hér ganga niður skorpuflekar og kaldari kvika. Þetta eru skýr merki iðustreymis í hrauntjörninni. Sérstaklega áberandi eru stórir svartir skorpuflákar er fljóta á yfirborði tjarnarinnar.



Mynd 5. Leiðin á gígbarminn er upp með dranginum, sem skarar upp fyrir gígbarminn.